

**Þórunn Elín Pétursdóttir** stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands undir handleiðslu Elísabetar Erlingsdóttur. Þaðan lauk hún B. Mus. prófi vorið 2004. Veturinn 2002 – 03 var hún skiptinemi við Universitát der Künste í Berlín. Aðal-kennari hennar þar var prof. Ute Niss. Þórunn Elín fór með hlutverk *Saffia* í uppsetningu Óperustúdíós LHÍ og Íslensku Óperunnar á Sígaunabaróninum 2004. Hún hefur sótt mörg meistaranámskeið í söng bæði heima og erlendis, meðal annars hjá Joy Mammen, Franco Castellana, Karan Armstrong, Mörthu Sharp, Giovanna Canetti og Galinu Pisarenko. Hún var einn þátttakenda í Ljóðaakademíu Kristins Sigmundssonar og Jónasar Ingimundarsonar í Salnum í Kópavogi vorið 2005. Þórunn Elín hefur sungið með nokkrum kórum, meðal annars Háskóla-kórnum, Söngsveitinni Fílharmóníu, Mótettukór Hallgrímskirkju og syngur nú með Kórum Áskirkju og Kópavogskirkju. Hún hefur haldið einsöngstónleika og komið fram sem einsöngvari við ýmis tækifæri. Auk tónlistarnáms stundaði Þórunn Elín nám við Háskóla Íslands og hefur BA próf í uppeldis- og menntunarfræðum og heimspeki, auk kennsluréttinda. Samhliða söng starfar hún við tónmenntakennslu.

**Þórunn Elín Pétursdóttir** studied at the Reykjavík College of Music, and the Iceland Academy of the Arts, with Elísabet Erlingsdóttir. She spent a year in Berlin as an exchange student at Universitát der Künste, where she studied with prof. Ute Niss. She has attended numerous masterclasses, both in Iceland and abroad, e.g. with Joy Mammen, Franco Castellana, Giovanna Canetti, Karan Armstrong and Martha Sharp. In 2004 she sang the role of Saffi, in the Gipsy Baron in the Opera Studio of the Icelandic Opera. Pétursdóttir has been a member of numerous choirs and is now a member of The Choirs of Áskirkja and Kópavogskirkja. She also holds a degree in pedagogy and philosophy and teaches music at an elementary school.

**Anna Rún Atladóttir** útskrifaðist vorið 1992 með fiðlukennarapróf frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Þremur árum síðar lauk hún píanókennaraprófi frá sama skóla. Anna Rún stundaði framhaldsnám í London frá 1994, við Trinity College of Music og The London College of Music, en þaðan lauk hún einleikaraprófi á píanó og MMus gráðu í píanoméðleik (Piano Accompaniment). Aðal-kennarar hennar í London voru m.a. Prof. Carola Grindea og Prof. Geoffrey Pratley. Hún starfaði sem hljóðfærakennari og meðleikari í Oxford, Cambridge og London frá 1997 til 2000. Anna Rún hefur komið fram sem píanóleikari, fiðluleikari og meðleikari bæði með söngvurum, hljóðfæraleikurum og kórum héraðs, í Englandi, Tékklandi, Ungverjalandi og Þýskalandi. Anna Rún starfar nú sem píanóleikari og raddþjálfari hjá Söngskólanum í Reykjavík og sem fiðlukennari við Tónmenntaskóla Reykjavíkur.

**Anna Rún Atladóttir** was born in Reykjavík and graduated from the Reykjavík College of Music in 1992 as a violin teacher and three years later as a piano teacher. Anna Rún completed her postgraduate studies at the Trinity College of Music and the London College of Music, where her teachers were Prof. Carola Grindea and Prof. Geoffrey Pratley. She graduated with a piano solo diploma and a MMus degree in Piano Accompaniment. Anna Rún has performed at many concerts as an accompanist both in Iceland and elsewhere in Europe. She is currently an accompanist at the Reykjavík Academy of Singing and Vocal Arts and a violin teacher at the Reykjavík Children's Music School.

## *Lög um börn og fyrir börn*

*Þórunn Elín Pétursdóttir*  
*sópran*  
*Anna Rún Atladóttir*  
*píanó*



Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar  
Þriðjudaginn 5. ágúst 2008 kl. 20:30

*Barnlige sange* eftir Edvard Grieg voru frumfluttir af konu hans árið 1895. Lögin samdi Grieg við ljóð úr nýrri kennslubók, sem skáldið Johan Nordahl Brun Rolfsen gaf út. Rolfsen vildi gefa út myndskreytt lesefni sem væri aðgengilegt fyrir börn. Þetta þóttu róttækar hugmyndir á þessum tíma, því börn höfðu lært að lesa af þungum textum, svo sem Biblíunni. Það reyndist því erfitt að fá styrk til útgáfunnar, meira að segja Stórþingið neitaði honum um styrk. Að lokum ákvað þó bókaútgáfa að styrkja hann og bókinn kom út 1892. Í henni voru sögur, ljóð og sálmar eftir norska og erlenda höfunda, ásamt teikningum eftir þekktá norska listamenn. Kennslubókin var notuð, í endurbættum útgáfum, allt fram á miðja síðustu öld. Rolfsen vildi einnig láta semja tónlist við ljóðin. Edvard Grieg var hrifinn af hugmyndafræði Rolfsen og tók að sér að semja lög við sjö ljóðanna. Yrkisefni þeirra ljóða sem Grieg valdi, voru fyrst og fremst náttúran, sveitalífið og trúin. Seinna voru lögin gefin út í sérhefti og fengu óþusnúmerið 61.

Rúmur áratugur er síðan *Jónasarlög* Atla Heimis Sveinssonar voru frumflutt. Lögin hafði hann upphaflega samið fyrir leikrit, sem aldrei var skrifað. Þau öðluðust sjálfstætt líff og hafa skapað sér sess hjá þjóðinni. Þau ljóð Jónasar Hallgrímssonar sem hér heyrast eru samin út frá sjónarhorni barnsins; raunar samdi hann eitt þeirra, vísuna *Buxur, vestí, brók og skó*, þegar í barnæsku. Yrkisefnin eru líkt og í lögum Griegs, fyrst og fremst náttúran og sveitalífið. Jónas hefur ótrúlega næmt auga fyrir hugarheimi barnsins, í ljóðum hans sameinast æringinn og fagurkerinn á afar sannfærandi máta.

Lagaflokkurinn *I hate music!* eftir Leonard Bernstein var frumfluttur árið 1943 af tónskáldinu sjálfu og Jennie Tourell messósópran. Bernstein, sem á einnig heiður af ljóðunum, tileinkar meðleigjanda sínum lagaflokkinn. Titillinn er einmitt frá meðleigjandanum kominn, en hún á að hafa haft þessi orð um tónlistina þegar Bernstein sat við píanóspil og söngþjálfun. Yrkisefni Bernsteins eru af allt öðrum toga en í ljóðunum sem heyrðust á undan; hér er barn að velta fyrir sér heiminum, reynir að skilja hann og stöðu sína innan hans.

*Barnaljóð* Þórarins Eldjárns voru fljót að vinna hug og hjórtu barna, og reyndar fullorðinna líka, þegar þau komu fyrst út í ljóðabókinni Óðfluga. Lögin sem hér eru flutt eru öll, utan eitt, í hópi laga sem Jóhann G. Jóhannsson samdi við ljóð úr bókum Þórarins sumarið 1999. Þau voru frumflutt í ljóða- og söngdagskrá í Þjóðleikhúsinu í nóvember það ár í tilefni 50 ára afmælis leikhússins og ljóðskáldsins. Lagið við *Bókagleypi* er samið sumarið 2000 að tilhlutan Ríkisútvarpsins í tilefni af degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember 2000. Þessi lög er öll að finna á geisladiskinum *Best að borða ljóð* sem kom út haustið 2000 og hefur að geyma 24 lög Jóhanns við ljóð Þórarins. Það er óhætt að fullyrða að æringinn sé við völd í ljóðum Þórarins og heimurinn alltaf skoðaður út frá óvenjulegu sjónarhorni. Hann leikur sér með tungumálið innan hefðbundins forms og skapar þannig heillandi veröld sem endalaust er hægt að finna nýjan flöt á.

## Efnisskrá

Edvard Grieg  
1843 – 1907

Barnlige sange op. 61

Havet  
Sang til juletræet  
Lok  
Fiskervise  
Kveldssang for Blakken  
De norske fjelde  
Fædrelandssalme

Atli Heimir Sveinsson  
f. 1938

Fjögur ljóð úr Jónasarlögum

Heylóarvísa  
Ég á þessi föt  
Sáuð þið hana systur mína  
Illur lækur eða Heimasetan

Leonard Bernstein  
1918 – 1990

Lagaflokkur fyrir börn

*I hate music!*

*i* My name is Barbara  
*ii* Jupiter has seven moons  
*iii* I hate music!  
*iv* A big Indian and a little Indian  
*v* I'm a person too

Jóhann G. Jóhannsson  
f. 1947

Sex lög við ljóð Þórarins Eldjárns

Heimskringla  
Bókagleypir  
Maður og mús  
Vont og gott  
Tanngómatangó  
Vor